



**Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 16. febrúar 2011 kl. 10:35-11:25 í Urðarbrunni.**

**Kristinn Þorsteinsson**, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og fór yfir framkvæmd fundarins þ.e. fyrst verði kynning á Imbruviku, söngleiknum og árshátíðinni og síðan geti nemendur borið upp spurningar til stjórnenda FG og/eða nemendafélagsins eða komið með ábendingar jákvæðar jafnt sem neikvæðar. Síðan myndu stjórnendur leitast við að svara eftir bestu getu.

Umgengni í mötuneytinu hefur ekki verið nógu góð að undanfögnu þrátt fyrir að nemendur í LOK áfanganum reyni að hvetja til betri umgengni. Neyðarrúrræðið er að þurfa að loka mötuneytinu.

Lyftan hefur verið að bila að undanfögnu og nú verður settur lás á hana svo að eingöngu þeir sem hafa lykil geta notað hana.

**Fríða Gyldadóttir og Tinna Ösp Arnardóttir** kynntu Imbrudagana. Þemað verður Japan og í boði verða ýmis námskeið og uppákomur. Skráning hefst 17.02 og það er skylda að taka þátt í a.m.k. einum atburði f.h. þri. og mið. og svo einum e. h. á þri. Nemendur skila svo mætingarblöðum í hólf sinna umsjónarkennara fyrir 2. mars.

**Hilmar Daði Bjarnason**: Söngleikurinn heitir Lyngmóar 3 og fjallar um daglegt líf þar. Frumsýnt verður 23.02 og síðan verða sýningar á fimmtudögum og sunnudögum í mánuð.

**Tania Lind Fodilsdóttir**: Áréttaði að takmörkuð skráning væri á suma atburði í Imbru.

**Stefán Snær Stefánsson**: Gettu betur liðið er komið í 8 liða úrslit og mætir Borgarholtsskóla í sjónvarpinu 12. mars. 60-80 miðar verða í boði fyrir skólann og það verða bolir fyrir þá sem verða þar.

**Klara Sól Ágústsdóttir**: Árshátíðin verður 23. febrúar á Nasa, Jagúar spilar og svo verður DJ líka. Miðasala hefst á morgun.

**Fyrirspurn úr sal**, (F.sp.) – Hver er staðan á áfengismælunum?

**K.Þ.** Sama og áður, ölvun ógildir miðann og áfengismælar verða á staðnum.

**Guðlaugur Garðarsson**: Það kostar 6000 kr allur pakkinn á árshátíðina, 2500 kr ef viðkomandi ætlar bara á ballið og 3000 kr fyrir nemendur úr öðrum skólum.

**Þorkell Einarsson**: Það verður haldið borðtennismót n.k. fimmtudag og veglegur bikar verður fyrir sigurvegarann. Einnig verður kappát á fimmtudaginn þar sem keppt verður í pizzuáti. Hamingjuóskum til Ylfu og Daníels Jóns, sem unnu söngkeppni FG, komið á framfæri.



Útvarpsútsendingar á Fm 106,5 hefjast kl. 17 í dag. Ef nemendur vilja vera með útvarpsþátt eiga þeir að senda tölvupóst til NFFG. Hljómsveit mun spila í FG í hádeginu á fimmtudaginn.

**K.Þ.** – Undanfarið hafa færri komist að en vildu í matinn á árshátíðinni ( 350 manns komast), betra að kaupa miða tímanlega.

**F.sp.** – Kvörtun vegna of dýrra banana í mötuneytinu – 100 kr stk.

**K.Þ.** – Því verður komið á framfæri.

**F.sp.** – Hverjir sjá um árshátíðarmyndbandið?

**Jakob Sindri Þórssón:** 15 manna hópur kemur að því.

**F.sp.** – Af hverju er ekki sent SMS á nemendur þegar tími fellur niður á morgnana.

**K.Þ.** –Of dýr þjónusta, það er sendur netpóstur á nemendur í staðinn.

**Tinna Ösp:** Bæklingi með dagskrá og reglum Imbrunnar verður dreift á morgun.

**F.sp.** – Hver verður kostnaður við skíðaferð á Imbru?

**K.Þ.** – Fáum tilboð í rútu og svo er kostnaður við lyftukort. Gott að nemendur skrái sig á annan atburð til vara ef ekki verður hægt að fara á skíði.

**F.sp.** – Hvað má í FG útvarpinu

**Þorkell** – Allt sem er siðferðilega í lagi.

**F.sp.** – Hver er staðan í blaðaútgáfumálum, kemur Kindin út?

**Þorkell** – Það gengur illa að fjármagna blaðið og vantar fólk í markaðsnefnd. Málfundafélagið er ekki með nein svör um útgáfu.

**K.Þ.** – Bendir nemendum á rafrænt form blaðaútgáfu s.br. FG-fréttir sem birtast á heimasíðu skólans á rafrænu formi.

**F.sp.** – Er möguleiki að fá pasta/salatbar í mötuneytinu?

**K.Þ.** –Tökum þátt í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli og viljum auka framboð hollustu.

**F.sp.** –Hvað með nettengingu í kennslustofur?

**K.Þ.** – Stendur ekki til, ekki stefnt á að verða fartölvuskóli. Verður ekki sett í stofur því við teljum það ekki bæta það námsumhverfi sem er til staðar.

**F.sp.** – Ábending til þeirra sem sitja í tröppunum að sýna öðrum þá virðingu að leyfa þeim að komast leiðar sinnar.

**K.Þ.** – Tekur undir það.

**F.sp.** – Hvernig er með fjölgun á sófum?

**K.Þ.** – Borð og stólar voru keyptir á haustönn, athugum hvort fjárráðin leyfi sófakaup.

**Jakob Sindri:** Umgengni í Miðgarði slæm, athuga hvort ætti að rýma það svæði og bæta við setplássum?

**K.Þ.** – Hvað segja nemendur um það? Kanna það hjá stjórn NFFG.

16. febrúar 2011



**F.sp.** – Má setja nýjar myndir á veggina í Miðgarði, mega nemendur skreyta?

**K.Þ.** – Já.

**K.Þ.** – Í dag 16.02 verður undirritaður samningur FG, Hofsstaðaskóla og Garðabæjar um verndun og hreinsun Arnarneslækjar.

**F.sp.** – Hvað verður í matinn á árshátíðinni?

**Þorkell** – Setjum það á NFFG síðuna á eftir.

**F.sp.** – Þyrfti að kenna kennurum á ýmis tæki í skólastofunum svo þeir þurfi ekki aðstoð nemenda.

**K.Þ.** – Það var námskeið fyrir kennara í síðustu viku og það verður áframhald á því. Hvatning til góðrar þátttöku á Imbrudögum.

Fundi slitið

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri